



**Barnaspítali Hringins**  
**Hringbraut, 101 Reykjavík**  
**Ísland**

Tel: +354 5433020

Email: [valtyr@landspitali.is](mailto:valtyr@landspitali.is)

29. nóvember 2018

Hildur Edwald, skjalaritari  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014 (gjaldtaka vísindasiðnefndar).**

Undirritaður vill gjarnan nota tækifærið og skila inn umsögn um frumvarp

Í þessu frumvarpi er lögð til heimild til gjaldtöku fyrir umsóknir til vísindasiðanefndar og óskir um breytingar á umsóknum sem þegar hafa verið samþykktar. Tekið er fram í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir þessi heimild skili 9-11 milljónum fyrsta árið og 3-6 milljónum árið eftir.

Vísað er í að viðlíka gjaldtökur hafi verið teknar upp í nágrannalöndum okkar, Danmörku, Noregi og Finnlandi.

Enn fremur er útlistað mikilvægi vísindasiðanefndar fyrir íslenskt vísindasamfélag. Tekið er fram að umfang nefndarinnar hafi vaxið undanfarin ár.

Þó svo að í frumvarpinu segi að vísindastarf á Íslandi sé umfangsmikið verður að teljast að í samanburði við ofangreind nágrannalönd stöndum við þeim langt að baki varðandi umfang, viðhorf og ekki síst fjármögnun vísindastarfs. Það sem ekki kemur fram í frumvarpinu er að í þessum löndum er fjárhagslegur stuðningur yfirvalda við vísindastarf margfalt meiri en hér á landi. Samkvæmt tölum OECD verja nágrannalönd okkar um 3% af vergri þjóðarframleiðslu til vísinda en Ísland 2%. Í fjárframlögum flestra háskólasjúkrahúsa á Norðurlöndunum er nálægt 5% varið til rannsókna og stundum mun meira. Vísindavinna er ekki tómstundastarf þó að í mörgum (og jafnvel flestum) tilfellum er hún unnin utan hefðbundins vinnutíma vegna anna. Íslenskir heilbrigðisvísindamenn vinna sína vinnu af ástríðu og elju til að ýta áfram vagni þekkingar á Íslandi en fjármagn er af afar skorum skammti. Á meðan nágrannalönd okkar hafa löngum gert sér grein fyrir að það sé beinlínis arðbært að fjárfesta í vísindum því það skilar aukinni þekkingu og þ.a.l. betri þjónustu fyrir þegna landsins, hafa íslensk stjórnvöld ekki enn áttað sig á þessu. Þetta sést vel í fjárframlögum til m.a. Háskóla Íslands og svo núna í ofangreindu frumvarpi. Í stað þess að efla hið frábæra starf vísindasiðanefndar sem er svo sannarlega mikilvægt í íslensku vísindasamfélagi með auknu fjárframlagi á nú að taka upp gjaldtöku fyrir hverja umsókn og breytingartillögur. Fyrir heilbrigðisvísindamenn sem nú stunda sínar rannsóknir oft á tíðum ef einskærum brennandi áhuga þýðir þetta að nú þarf að borga með sér fyrir vinnuna (sem er oftast ólaunuð).

Íslensk heilbrigðisvísindasamfélag samanstendur af öflugum fólki sem horfir fram veginn ofangreint frumvarp gerir ekkert nema leggja stein í götu þeirra.

Ég legg því til að ofangreint frumvarp verði dregið til baka og að íslensk heilbrigðisyfirvöld muni fremur sjá sér leik á borði og efla verulega fjárframlög frá hinu opinbera til að styðja við vísindastarf á Íslandi

**Dr Valtýr Stefánsson Thors, PhD**  
**Sérfræðilæknir í barnasmitsjúkdómum**  
**Aðjúnkt við Háskóla Íslands**